

**Breyting á rammasamingi um talmeinaþjónustu,
dags. 3. nóvember 2017**

Til að koma til móts við börn sem gætu nýtt þjónustu talmeinafræðings með notkun fjarþjálfunarbúnaðar er með breytingu þessari opnað fyrir fjarþjálfun.

Heimilt er í þessum tilvikum að innheimta tækjagjald með gjaldliðum 3 til 5 í gjaldskrá skv. 6. gr. í þeim tilfellum þegar meðferð er veitt með fjarþjálfunarbúnaði sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt.

Skilyrði fyrir greiðslu tækjagjalds er að forráðamaður eða annar fullorðinn einstaklingur í hans umboði sé viðstaddur til að sjá til þess að barnið sinni talþjálfuninni.

Eftirfarandi gjaldliðir bætast við gjaldskrá 6. gr. samningsins.

Tölul.	Gjaldliður	Einingafjöldi
12.	Meðferð, sbr. 5. gr. b., 30 mín., tækjagjald	6
13.	Meðferð, sbr. 5. gr. b., 40 mín., tækjagjald	8
14.	Meðferð, sbr. 5. gr. b., 60 mín., tækjagjald	12


Þegar innheimt er tækjagjald, skv. töluliðum 12 til 14, skal skrá í sjúkraskrá að um fjarþjálfun hafi verið að ræða og nafn þess einstaklings sem var með barninu á meðan á meðferð stóð. Auk þess skal varðveita staðfestingu á tímasetningu og lengd meðferðarinnar úr fjarþjálfunarkerfi.

Til að hægt sé að nota fjarþjálfun þarf forráðamaður barns að tryggja því aðgengi að nettengdri tölvu með myndavél. Búnaður þessi er hvorki kostaður né á ábyrgð talmeinafræðings sem veitir þjónustuna.

Ofangreind breyting gildir frá 1. nóvember 2018.

26. september 2018

F.h. Sjúkratrygginga Íslands


Guðlaug Björnsdóttir
Stjórnendur